

Slagæðastíflun vegna stækkunar á blöðruhálskirtli

Slagæðastíflun á blöðruhálskirtli (prostate artery embolization) er meðferð til að draga úr einkennum af völdum stækkunar á blöðruhálskirtli og ef stöðva þarf blæðingu frá blöðruhálskirtli.

Blöðruhálskirtillinn liggur fyrir neðan þvagblöðruna og umlykur þvagrásina. Áætla má að nálægt 80% karlmannna eldri en 70 ára séu með stækkun á blöðruhálskirtli. Stækkun á blöðruhálskirtli getur þrengrt að þvagrásinni og valdið vandamálum við þvaglát svo sem þvagtrengdu, þvagteppu, þvagfærasýkingum, tíðum þvaglátum og þvaglátum að nóttu til.


Aðgerðin fer fram með æðapræðingu sem er minna inngríp en skurðaðgerð. Farið er inn í slagæðar til kirtilsins með granna leggi og þær stíflaðar með litlum ögnum sem sprautað er inn í þær. Við þetta minnkar blóðflæði til kirtilsins og á næstu vikum ætti hann að skreppa saman og auðvelda þannig þvaglát. Hjá flestum dregur úr einkennum eftir aðgerðina.

Inngripid er gert af æðainngripslækni (interventional radiologist). Aðgerðin er oftast gerð í staðdeygingu og léttri slævingu á æðapræðingastofu á Landspítala í Fossvogi. Einstaka sinnum er aðgerðin gerð í svæfingu. Gert er ráð fyrir útskrift samdægurs.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Sneiðmyndataka af blöðruhálskirtli

Fyrir aðgerðina þarf að fara í sneiðmyndatöku til að meta ástand og legu slagæða í grindarbotni með tilliti til þess hvort ákjósanlegt sé að beita þessari aðferð við stækkuðum blöðruhálskirtli.



Blóð- og þvagsýni

Nokkrum dögum fyrir aðgerð er nauðsynlegt að fara í blóðsýnatöku og skila þvagsýni.

Blóðþynningarlyf og lyf vegna sykursýki

- Þeir sem eru á blóðþynningarmeðferð gætu þurft að hætta að taka blóðþynningarlyf í stuttan tíma samkvæmt fyrirætlum læknis.
- Þeir sem taka inn lyf vegna sykursýki sem innihalda metformin fyrir aðgerð (t.d. Metformin, Glucophage, Janumet og Eucreas) mega ekki taka þau inn sama morgun og aðgerðin fer fram.

Þvagleggur

Blöðruhálskirtillinn er bólginn fyrst eftir aðgerð og það getur valdið erfiðleikum við þvaglát. Því þarf að setja þvaglegg í þvagblöðru daginn fyrir aðgerðina sem er hafður í um viku þar til dregur úr bólgunni. Haft verður samband og látið vita um tímabókanir í ísetningu og töku þvagleggs á göngudeild þvagfæra 11A.

Sýklalyf

Við aðgerðina verður blöðruhálskirtillinn viðkvæmari fyrir sýkingu. Því er ávísað sýklalyfjum sem þarf að byrja að taka inn daginn fyrir aðgerð og áfram eftir aðgerð.

Kvöldið fyrir aðgerð

Æskilegt er að drekka um 1,5 lítra af vökva daginn fyrir æðþræðingu til að vernda nýrun fyrir áhrifum skuggaefnis.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir æðþræðingu til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við hana. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að rannsókn.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Taka má morgunlyf með litlum vatnssopa samkvæmt upplýsingum sem veittar voru í simaviðtali svæfingar.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því oftast eru gefin lyf sem hafa slævandi áhrif og ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir aðgerð. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina á eftir til öryggis.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota húðkrem, andlitsfarða, skartgripa eða naglalakk eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Mæting er á dagdeild skurðlækninga A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Hafa þarf meðferðis á spítalann undirritað samþykki fyrir aðgerð sem afhent var í viðtali við þvafæraskurðlækni. Láta þarf vita ef ofnæmi fyrir lyfjum, skuggaefni eða öðru er til staðar. Fyrir aðgerð lýsir æðainngripslæknir framkvæmd hennar og svarar spurningum sem upp kunna að koma. Klæðast þarf sjúkrahúsfötum og æðaleggur er settur í handlegg til að hægt sé að gefa lyf og vökva í æð.

Æðaþræðing

Æðaþræðingin tekur yfirleitt 3-4 klukkustundir. Ef þörf er á svæfingu lengist aðgerðartími um eina klukkustund. Sjúklingur er oftast vakandi en stungustaður er deyfður og gefin slakandi lyf í æð eftir þörfum. Mikilvægt er að liggja kyrr á baki meðan á þræðingu stendur. Húð yfir stungustað er sótthreinsuð og lök lögð yfir. Grannur leggur er þræddur inn í slagæð í handlegg eða nára. Skuggaefni er gefið nokkrum sinnum meðan á aðgerð stendur og halda þarf niðri í sér andanum öðru hvoru og liggja kyrr meðan röntgenmyndir eru teknar. Eðlilegt er að finna fyrir hitatilfinningu í grindarbotni á meðan skuggaefni er gefið. Þegar búið er að finna réttu æðarnar er litlum ögnum sprautað varlega inn í þær til að stífla þær.

Að þræðingu lokinni eru allir leggir fjarlægðir og settar þar til gerðar þrýstingsumbúðir yfir stungustað á handlegg til að minnka hættu á blæðingu eða notaður sérstakur lokunar-búnaður ef stungið er í náraslagæð. Í einstaka tilfellum er ekki hægt að þræða æðarnar á öruggan hátt þar sem æðar til blöðruhálskirtils reynast of grannar. Þá verður að hætta við inngripið.

Eftir þræðingu

Eftir aðgerðina fer sjúklingur á vöknunardeild í Fossvogi til að jafna sig og þaðan á dagdeild skurðlækninga A5. Eftirlit á deild er oftast um 3-6 klukkustundir. Mikilvægt er að láta vita af verkjum og ógleði svo hægt sé að bregðast við því. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Yfirleitt má byrja að drekka vökva fljótlega eftir komu á deild en ekki má borða fasta fæðu fyrr en komið er að heimferð.

Hreyfing

- Ef þræðing var gerð um nára þarf að liggja í rúminu og ekki hreyfa fætur í að minnsta kosti þrjár klukkustundir vegna hættu á blæðingu.
- Ef þræðing var gerð um handlegg má ekki hreyfa úlnið í þrjár klukkustundir vegna hættu á blæðingu eftir aðgerð en sitja má í stól. Eftir þann tíma má hreyfa sig að vild.

Útskrift

Miðað er við að útskrift sé samdægurs. Í einstaka tilfellum er þó þörf á innlögn yfir nótt. Sjúklingur útskrifast með þvaglegg.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðslu.
- Tíma á göngudeild 11A til að fjarlægja þvaglegg.
- Tíma í endurkomutíma hjá þvagfæraskurðlækni 4-5 vikum eftir æðapræðingu.

Útskriftarfræðsla

Verkir

Borið getur á vægum óþægindum á stungustað og um neðanverðan kvið fyrst eftir aðgerðina. Ef þörf er á, má taka verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils skv. ráðleggingum læknis eða hjúkrunarfræðings. Stöku sinnum getur verið þörf á að fá stutta meðferð með sterum til að minnka bólguvörun.

Stungustaður

Plástur á stungustað má fjarlægja eftir tvo daga og þá má fara í sturtu. Búast má við að lítilsháttar mar sé við stungustað.

Þvaglát

Fylgjast þarf með útliti þvags. Eðlilegt er að þvag sé lítilsháttar blóðugt fyrst eftir aðgerð (bleikur litur á þvagi). Ekki ættu að vera blóðkögglar í þvagini eða mikil forsk rauð blæðing. Þvagleggur er fjarlægður um viku eftir aðgerð á göngudeild þvagfæra 11A á Landspítala við Hringbraut. Búast má við óþægindum við að pissa fyrst eftir að þvagleggur er fjarlægður. Ef þvaglát ganga illa getur verið nauðsynlegt að setja aftur þvaglegg tímabundið. Nauðsynlegt er að taka áfram inn sýklalyfin sem var ávísað fyrir aðgerð.

Hreyfing

Ráðlagt er að taka því rólega fyrstu dagana eftir æðapræðingu. Forðast þarf líkamsrækt og mikla áreynslu í 1-2 vikur, en gott er að fara í gönguferðir.

Þreyta

Eðlilegt er að finna fyrir aukinni þreytu í allt að viku eftir aðgerð.

Vinna

Æskilegt er að taka sér frí frá vinnu meðan þvagleggur er til staðar en það fer eftir eðli starfs og líðan. Vottorð vegna fjarvista úr vinnu eru afgreidd fyrir útskrift ef þörf er á.

Fylgikvillar

Stíflun á æðum til blöðruhálskirtils er nýleg meðferð og rannsóknir hafa sýnt að hún er árangursrík og örugg leið til að meðhöndla stækkun á blöðruhálskirtli. Fylgikvillar geta þó komið upp eftir hana líkt og við aðrar aðgerðir.

Mögulegir fylgikvillar geta verið:

- Blæðing við stungustað og örsjaldan innri blæðingar.
- Sýkingar á stungustað eru mjög sjaldgæfar.

- Lokun á öðrum æðum í grindarholi sem liggja til ristils, þvagblöðru eða kynfæra er sjaldgæfur fylgikvilli sem lagast í flestum tilfellum af sjálfu sér. Þetta getur þó verið alvarlegur fylgikvilli en reynt er að minnka áhættuna með því að taka sneiðmyndir af æðum fyrir og í aðgerð.

Kostnaður

Greitt er fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A (á dagvinnutíma) eða leita til bráðamóttöku (utan dagvinnutíma) ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir æðaþræðingu:

- Líkamshiti er hærra en 38°C.
- Stfflaður þvagleggur eða mikil, fersk blæðing sést í þvagi.
- Illa lyktandi þvag.
- Sýnilegt blóð í hægðum.
- Þvaglát ganga illa þegar búið er að fjarlægja þvaglegg.

Í bráðatilfellum er leitað á bráðamóttöku eða hringt í 112:

- Blæðing við stungustað sem erfitt er að stöðva.
- Stækkandi roða- eða bólgusvæði við stungustað.
- Stöðugir verkir sem láta ekki undan vægum verkjalyfjum.
- Versnandi verkir, aukin bólga eða breyting á litarhætti á handlegg eða fæti.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A	543 7100
Dagdeild skurðlækninga A5	543 7570
Æðainngripsstofa - móttaka	543 8042

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o. fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

DESEMBER 2020

LSH-3386

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA,

YFIRLÆKNIR INNGRIPSRÖNTGEN- OG

ÆDAÞRÆÐINGARDEILDAR OG DEILDARSTJÓRI

DAGDEILDAR A5

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD